

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartún 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2023
UST202311-092/S.A.J.
09.00

Efni: Ósk um umsögn - Frumvarp til laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga

Vísað er til erindis umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins frá 11. nóvember sl. þar sem óskað var eftir ábendingum eða athugasemdum frá Umhverfisstofnun er varðar framkvæmd laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga, verði frumvarpið að lögum.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi ábendingar og athugasemdum á framfæri:

1. Óskað er eftir aðkomu að skipulagningu framkvæmda til að vera vel upplýst og getað brugðist við sem fyrst. Hvað varðar framfylgni náttúruverndarlaga á framkvæmdum á eldgosasvæði síðustu 3 ár, hefur aðkomu sérfræðinga Umhverfisstofnunar verið mikilvæg til að lágmarka áhrif framkvæmda á umhverfi og náttúru. Þetta var gert með beinni aðkomu Umhverfisstofnunar í aðgerðarstjórn og samráðshópi um framkvæmdir á náttúruhamfarasvæði. Umhverfisstofnun leggur til að svipað fyrirkomulag sé til líka fyrir þessar framkvæmdir.
2. Til að tryggja sem besta afgreiðslu á erindi skv. 3. gr. þurfa nákvæm gögn að fylgja, svo sem staðsetningu framkvæmdarinnar og hvar efnistaka er fyrirhuguð.
3. Til að tryggja skjóta afgreiðslu Umhverfisstofnunar skv. 3. gr. er æskilegt að haft verður beint samband við tengilið stofnunarinnar í þessu máli sem er teymisstjóri í teymi starfsleyfa og umsagna í netfang sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is og að erindið verði jafnframt sent almenna netfangi Umhverfisstofnunar ust@ust.is.
4. Til að tryggja sem besta upplýsingaflæði til þeirra yfirvalda sem annast stjórnsýslu skv. 4. gr. laganna vill stofnunin benda á að æskilegt sé að senda tilkynningu á heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sem annast m.a. útgáfu leyfa og eftirlit með efnistökusvæðum.
5. Hafa ber í huga að engin heimild er fyrir ráðherra að veita undanþágur frá leyfisveitingu vegna almannavarna í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur. Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 er hins vegar mælt fyrir um heimild Umhverfisstofnunar til að veita bráðabirgðaheimild sem felur í sér styrti málsmeðferð en skilyrði þess að undanþága sé veitt er m.a. að fyrir liggi fullnægjandi gögn og upplýsingar, skipulag og mat á umhverfisáhrifum, eftir því sem við á. Starfsleyfi þarf t.d. fyrir olíubirgðastöðvar, jarðboranir, gististaði og brennsluver. Engin heimild er í lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur um styrti afgreiðslu en ORF er með starfsemi í Grindavík.

6. Svo koma megi í veg fyrir óþarfa náttúruspjöll er ávallt mikilvægt að halda raski í lágmarki.
7. Umhverfisstofnun vill leggja áherslu á að framkvæmdir þær er verða heimilaðar skv. frumvarpinu eru einungis þær framkvæmdir er ekki þola nokkra bið.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

Hlín Gísladóttir

lögfræðingur